

## Leikskólanefnd - 154 (15.6.2023) - Menntasvið-Starfshópur um starfsumhverfi leikskóla

Málsnúmer : 22114511  
Málsaðili : Kópavogsbær  
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram  
Fundardagur : 15.06.2023

Inngangur : Lagt fram.  
Niðurstaða : Tillögur starfshóps í leikskólamálum kynntar og ræddar.  
Leikskólanefnd þakkar starfshópi í leikskólamálum fyrir vel unnin störf og greinargóða skýrslu. Leikskólanefnd vísar málinu áfram til Bæjarráðs og vonast til að tillögurnar verði til þess að styrkja starfsumhverfi leikskóla í Kópavogi.

### Bókun:

Vara áheyrnarfulltrúi Pírata leggur fram eftirfarandi bókun. Hlutverk og markmið leikskólanefndar samkvæmt erindisbréfi er meðal annars að bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum bæjarfélagsins og framkvæmd leikskólastarfs í Kópavogi. Undirritaður telur freklega farið framhjá hlutverki nefndarinnar ef ekki stendur til að hún taki fullmótaðar tillögur til afgreiðslu þegar bæjarfulltrúar hafa fjallað um þær. Ljóst er að tillögurnar gætu enn átt eftir að taka einhverjum breytingum þar sem fyrirhugaður vinnufundur bæjarfulltrúa hefur verið boðaður næstkomandi þriðjudag. Eðlilegt væri að leikskólanefnd fengi tillögurnar til afgreiðslu þegar þeirri vinnu er lokið.  
Indriði Ingi Stefánsson